BYGGÐASTOFNUN
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Sauðárkróki, 26. apríl 2016

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, mál 638.

Samgönguáætlun byggir á fimm markmiðum. Þetta eru greiðar samgöngur, hagkvæmar samgöngur, öruggar samgöngur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og samgöngur sem stuðla að jákvæðri byggðaþróun.

Byggðastofnun hefur áður lýst ánægju með að fimmta markmiðinu um byggðaþróun var bætt inn í samgönguáætlun. Í markmiði um greiðar samgöngur er tilgreint að skilgreind verði vinnusóknarsvæði og leitast við að stytta ferðatíma innan þeirra og stækka þau. Góð yfirsýn fæst við að tilgreint er að hvaða markmiði hver aðgerð eigi að leiða, þ.e. hvort framkvæmdinni er ætlað að auka öryggi, greiðfærni, sjálfbærni eða stuðla að jákvæðri byggðaþróun.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði*
*Byggðastofnunar.*